

Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Priðjudaginn 14. mars var 2023 haldinn fundur í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson varaformaður, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi, sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri. Einnig kom á fundinn Sólveig Halldórsdóttir yfirmaður reikningshalds. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Rekstur 2022
3. Stefnumótun
4. ársfundur KGSÍ
5. Tekjur og styrkir
6. Önnur mál

1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.
2. Framkvæmdastjóri fór yfir rekstur ársins 2022 ásamt Sólveigu Halldórsdóttur. Rekstur ársins gekk ágætlega en mikil áhersla var að ljúka byggingu nýs þjónusthúss í Kópavogi. Tekjur kirkjugarða hafa verið skertar verulega frá bankakahruni og kominn er tími á ýmislegt viðhald. Ljóst er að rekstur næstu ára verður í járnum að öllu óbreyttu.
3. Farið var yfir framhald stefnumótunar. Búið er að vinna mikla vinnu í vetur. Meðal þess sem hefur verið gert hefur verið er: 3 vinnustofur og fjöldi funda með starfsfólki, könnun meðal helstu hagsmunaaðila. Fundir með öllu forsvarsfólki útfararstofa á svæðið KGRP, fundað með sóknarnefndum, trúar- og lífskoðunarfélögum, viðtöl við starfsfólk og framkvæmdastjórn o.fl.. Gert er ráð fyrir að vinnu við stefnumótun ljúki í maí. Ákveðið var að halda vinnu og kynningarfund með framkvæmdastjórn kl 17 til 20 fimmtudaginn 30. mars.
4. Ársfundur Kirkjugarðasambands Íslands verður haldinn á Akureyri dagana 4. til 6. maí næst komandi. Gert er ráð fyrir að hópur starfsfólks fari frá KGRP og einnig er framkvæmdastjórnarfólki boðið að koma. Nánari dagskrá ársfundar mun verða auglýst síðar en áhersla verður meðal annars á garðana og umhirðu þeirra.
5. Framkvæmdastjóri fór yfir bálstofumál. Ljóst er að fjöldi bálfara eykst stöðugt. 937 bálfarir voru á árinu 2021 og 1.112 á áinu 2022. Líklega verður fjöldi bálfara á yfirstandandi ári yfir 1.300.
6. Tekjur og styrkir. KGRP fékk nýverið styrk frá Kirkjugarðaráði kr. 15 milljónir til þess að gera upp bálstofu ofnana. Vona er á sérfræðingum frá Danmörku um miðjan maí. Líklegur kostnaður við ofnana sjálfa er allt 50 milljónir króna þegar allt er talið. Bálstofan og ofnarnir eru frá árinu 1948 og er elsta bálstofa norðurlanda í óbreyttri mynd. Einnig er sótt um styrk frá Minjastofnun vegna Hólavallagarðs.
6. Ekkert var ákveðið eða tekið fyrir sérstaklega undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 9:30.